



Borgarráð

Álagningarhlutfall útsvars tekjuárið 2020

Lagt er til að álagningarhlutfall útsvars tekjuárið 2020 verði 14,52% og er það sama hlutfall og tekjuárið 2019.

Greinargerð:

Í forsendum fjárhagsáætlunar 2020 og fimm ára áætlunar 2020-2024 er gert ráð fyrir að brúttó útsvarshlutfall verði 14,52% og nettó hlutfall verði 12,76% þegar dregið hefur verið frá 0,77%-stigs framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna málefna grunnskóla og 0,99%-stigs framlag í Jöfnunarsjóð vegna málefna fatlaðs fólks.

Eftirfarandi tafla sýnir áætlaða staðgreiðslu útsvars m.v. 14,52% álagningarhlutfall, áætluð framlög í Jöfnunarsjóð og áætlað eftirá álagt útsvar.

Sundurliðun á útsvarstekjum í m.kr.	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Staðgreiðsla útsvars (14,52%)	85.855	91.266	97.580	103.797	109.193	114.769
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgreiðslu v. grunnskóla (0,77%)	-4.553	-4.840	-5.175	-5.504	-5.791	-6.086
Hlutdeild Jöfn.sjóðs í staðgr. v. málefna fatlaðs fólks (0,99%)	-5.854	-6.223	-6.653	-7.077	-7.445	-7.825
Eftirá álagning útsvars vegna fyrri ára	4.104	2.800	2.994	3.184	3.350	3.521
Nettó útsvarstekjur	79.552	83.003	88.746	94.400	99.308	104.379
% breyting milli ára		4,3%	6,9%	6,4%	5,2%	5,1%

Um 83% af útsvarsstofni Reykjavíkurborgar er til kominn vegna launagreiðslna einstaklinga á vinnumarkaði og um 17% má rekja til annarra greiðslna, s.s. lífeyrisgreiðslna, örorkubóta og atvinnuleysisbóta. Tvær mikilvægustu forsendur áætlana um útsvarstekjur eru því þróun launa og vinnumagns í Reykjavík. Óvissa þessara forsenda er töluverð m.a. vegna þess að spá um þróun þeirra er ekki birt sérstaklega fyrir Reykjavík. Forsenda um vinnumagn byggist á mati fjármála- og áhættustýringarsviðs þar sem m.a. er horft til fjölgunar íbúa skv. mannfjöldaspá byggðastofnunar og vinnuaflseftirspurnar en forsenda um launaþróun byggist á þjóðhagsspá Hagstofu.

Helstu forsendur, % br. milli ára	2020	2021	2022	2023	2024	Næmni 2020	m.kr.
Laun	5,5%	5,9%	5,3%	4,2%	4,1%	Laun (+1%-stigs br.)	670
Vinnumagn	0,5%	1,1%	1,1%	0,9%	0,9%	Vinnumagn (+1%-stigs	650

Í fimm ára áætlun er gert ráð fyrir minnkandi spennu á vinnumarkaði og að vöxtur útsvarstekna verði við langtímameðaltal árin 2020-2022 og undir langtímameðaltali árin 2023-2024.

Dagur B. Eggertsson